

Alþingi - nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Dalvíkurbyggð 8. nóvember 2023
Nr. erindis 202311019 MÁ

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 362. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 7. nóvember s.l.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fasta starfssöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri.

Með fundarboði sveitarsjórnar fylgdu upplýsingar um þingsályktunartillögu um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri
<https://www.althingi.is/thingstorl/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/154/327/?ltg=154&mnr=327>

Til máls tók:

Forseti sveitarsjórnar, sem leggur fram eftirfarandi tillögu að bókun:

"Sveitarsjórn Dalvíkurbyggðar fagnar framkominni þingsályktunartillögu um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri. Að mati sveitarsjórnar væri þetta skynsamleg og tímabær ráðstöfun til að tryggja betur öryggi fólks víða um land, en eins og fram kemur í umsögn Landhelgisgæslu Íslands um sama mál þá yrði þetta stórt framfaraskref í viðbragðs-, öryggis-, og eftirlits- og tjörgunarmálum þjóðarinnar. Þannig myndi neyðar- og viðbragðsgeta Landhelgisgæslunnar við íbúa um land allt stóraukast, einkum á Vestjörðum, Norður- og Austurlandi, á hálendinu og miðum landsins.

Sveitarsjórn Dalvíkurbyggðar bendir einnig á niðurstöðu vísindarannsóknar teymis Dr. Ejörn Gunnarsson yfirlæknis sjúkraflugs og Dósentis við Heilbrigðisvísindastofnun Háskólans á Akureyri. Þar er stuðst við gögn frá Hagstofu Íslands um búsetu allra landsmanna og einnig gögn frá Neyðarlínu um staðsetningar útkalla í fyrsta forgangi á sjö ára tímabili. Niðurstaðan er að viðbragðstími innan 60 mínútna færi úr 62% dekkunar fyrir eina starfsstöð eins og í dag í 94% dekkun fyrir seinni starfsstöð á Akureyri.

Sveitarsjórn telur því ekki skynsamlegt að hafa allar þyrlur landhelgisgæslunnar staðsettar á sama landsvæði. Ejörgunarþyrla á Akureyri myndi ekki bara styrkja innviði neyðar- og viðbragðsþjónustu á því svæði sem betur verður þjónustað heldur skapast tækifæri til að koma á landsdekkandi sérhæfðu neyðar- og tjörgunarviðbragði með markvissu samstarfi viðbragðsaðila og þjálfun þeirra.

Sveitarsjórn Dalvíkurbyggðar skorar á Alþingi að afgreiða þetta mál sem allra fyrst á jákvæðan hátt, enda myndi föst viðvera þylusveitarinnar á Akureyri einfaldlega geta tjargað mannlífum."

Fleiri tóku ekki til máls.

Sveitarsjórn samþykkir samh.jóða með 7 atkvæðum ofangreinda tillögu forseta sveitarsjórnar.

Ofangreind afgreiðsla sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,
f.h. sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir
Sveitarstjóri Dalvíkurbyggðar

* Rafræn skilríki

Undirritað af: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

Kennitala:

Tími: 08.11.2023 11:39

Undirrita skjal Ágr OneCRM

Undirritað með  OneSign